

13. apríl 2005

**Ávarp Jóns Kristjánssonar, heilbrigðis-og tryggingamálaráðherra  
Undirritun samninga um nýtt húsnæði heilsugæslunnar í Kópavogi**

Góðir gestir.

Það er alltaf jafn ánægjulegur hver áfanginn sem við náum í uppbyggingu heilsugæslunnar í landinu. Ánægjulegur vegna þess að heilsugæslan, þessi grunnþjónusta heilbrigðisþjónustunnar, er einn mikilvægasti þátturinn í þeirri þjónustu sem veitt er. Í fyrsta lagi geta skjólstæðingar hennar fengið hér nær tafarlausa þjónustu þegar eitthvað bjátar á og í öðru lagi eru starfandi í heilsugæslunni lækningar og hjúkrunarfólk sem í flestum tilvikum þekkja viðkomandi og láta sig miklu varða velferð hans eða hennar. Þetta síðast talda er grundvallaratriði heilsugæslunnar – nærþjónusta þar sem fagfólkið bæði lækningar og leiðbeinir hverjum og einum.

Það var orðið frekar þröngt um heilsugæsluna í Fannborginni þar sem starfsemin hefur verið í aldarfjórðung. Húsnæðið er á tveimur hæðum og í raun orðið ónothæft fyrir rekstur heilsugæslustöðvarinnar, eins og við viljum hafa hann, nema með mjög miklum og kostnaðarsömum breytingum, og því var ákveðið að ganga til samninga um leigu á húsnæðinu sem hér verður innréttað.

Í nýju stöðinni verður starfsaðstaða fyrir 6 lækna og þá rúmlega 30 aðra starfsmenn sem hér starfa og hér verður einnig til húsa miðstöð heimahjúkrunar fyrir Kópavog. Öll starfsemin verður á efri hæð hússins sem er rúmlega þúsund fermetrar að stærð og hér fæst, eins og menn geta ímyndað sér, stórbætt aðstaða fyrir skjólstæðinga stöðvarinnar og starfsmenn. Þetta er afar mikilvægur áfangi í uppbyggingu heilsugæslunnar, enda eru á þjónustusvæði stöðvarinnar um 10 þúsund íbúar.

Í Kópavogi eru fyrir tvær heilsugæslustöðvar, önnur í Salahverfi sem við tókum í notkun á liðnu ári og heilsugæslustöðin í Smárahvammi sem tekin var í notkun árið 1999. Hér tala verkin, því á nokkrum árum er búið að stórauka þjónustuna við íbúana á svæðinu og endurnýja og stækka húsnæði allra heilsugæslustöðvanna í Kópavogi.

Kópavogur þykir sérstakur bær fyrir margra hluta sakir, eins og þekkt er, og nú bætist það við að Kópavogsbúar geta státað af nýrri heilsugæslustöð sem bæði er byggð á brú og bjargi. Það hefur margs konar vísanir en ég óska kópavogsbúum og starfsmönnum stöðvarinnar til hamingju með þennan áfanga og hef þá bjargföstu trú að hér verði veitt góð þjónusta.

Til hamingju.

**(Talað orð gildir)**